

# Rafiðnaðarsamband Íslands

## 48. fundur miðstjórnar haldinn föstudaginn 6. mars 2015

Mættir: Kristján Þórður Snæbjarnarson, Sigurður Sigurðsson, Guðrún Bergþórsdóttir, Svanborg Hilmarsdóttir, Jón Ingi Skúlason, Andri Jóhannesson, Jón Óskar Gunnlaugsson, Eyjólfur Ólafsson, Jakob Tryggvason, Einar Á Kristinsson, Hafliði Sívertsen og Bára Halldórsdóttir sem ritar fundargerð.

Boðuð forföll: Helgi Jónsson, Júlía Björg Þórðardóttir, Sighvatur D Sighvatz, Ómar Baldursson, Jens Heiðar Ragnarsson, Grétar Guðmundsson, Sigurjón Ingvarsson  
Varamenn boðaðir: Birna Dögg Gräns, Brynjar Svansson og Jón Ólafur Halldórsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Kjaraviðræður
3. Orlofshús
4. Starfsemi RSÍ
5. Þing RSÍ 2015
  - Kjör þingfulltrúa
  - Slagorð þingsins
6. Kjörstjórn RSÍ vegna kjarasamninga
7. Önnur mál

Lagt fram:

Skýrslan „Aðdragandi kjarasamninga“

1. Fundargerð síðasta fundar var send út og telst samþykkt athugasemdalaust.
2. Kristján sagði frá fundi forseta ASÍ, SA og forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar. Þar kom ekkert nýtt fram og ríkisstjórnin leggur ekkert til nema að leggja áherslu á að við fylgjum síðustu kjarasamningum eftir á hófstiltan hátt.

Skrifað var undir samstarfssamning milli iðnaðarmannahópanna og lagt fram markmiðaskjal. Í því skjali koma fram ýmis atriði sem félögin töldu að gætu verið fyrir hagsbóta fyrir launafólk. Lögð er áhersla á launahækkun og styttri vinnutíma með aukna framleiðni í huga og sanngjarna skiptingu á ávinningi. Hópurinn hitti forsvarsmenn SA sem eru ekki alveg á sömu línu og iðnaðarmannafélögin, vilja auka framleiðni og hækka laun síðar. Markmiðaskjalið verður sent á miðstjórnarmenn og verður viðhengi með fundargerð. Föstudaginn 13. mars hittir hópurinn SA og kynnrir fyrir þeim launakröfur. Innan iðnaðarmannahópsins koma upp ýmis sérmál hjá hverjum og m.a. eru verkfæraperingar og veikindaréttarmál okkar mál.

Kristján sagði frá gangi mála hjá Ríkisútvarpinu en þar er farið í gang undirbúningsferli fyrir aðgerðir. Miðstjórn samþykkir að farið verði í atkvæðagreiðslu um aðgerðir sé þess þörf. Þá var fundað hjá Landsneti í morgun, fundað hefur verið með Ísavia, ISAL, Norðuráli, Alcoa og Rarik en

lítið hefur miðað á þessum stöðum. Eftir á að halda fundi vegna margra kjarasamninga.

3. Í vinnslu er samningur um hús á Flúðum til tveggja ára. Húsið verður afhent um mánaðarmótin júní/júlí. Hætt er með húsið í Stykkishólmi þar sem til stendur að hækka leigu þar og fjarlægja heitanpott. Verið er að ganga frá samningum sem við höfum verið með. Í sumar þarf að bera á hluta af húsunum við Skógarnes. Vatnsvandamál hafa verið á Skógarnesi síðustu helgar. Eftir könnun Ragnars þarf að bæta við 50 lítrum á mínútu til að anna svæðinu. Einhverjar bragabætur þarf að gera. Félag símamanna lætur gjöf sem það sem það fékk á 100 ára afmælinu frá Símanum að upphæð 1.000.000 kr. renna til uppbyggingu á leiktækjum á Apavatni.
4. Starfsemi RSÍ. Kristján fékk leyfi til að fara yfir starfsmannamálin en ráða þarf starfsmann, jafnvel í hlutastarf í afgreiðslu og ýmis störf. Þá var rætt um nauðsyn þess að efla vinnustaðaeftirlitið en þar þarf jafnvel að fá mann í hlutastarf tímabundið.
5. Þing RSÍ 2015

Farið var yfir kjör þingfulltrúa og heimilaði miðstjórn aðildarfélagunum að hefja atkvæðagreiðslu þingfulltrúa þann 15. mars næstkomandi og var bent á að samkvæmt lögum RSÍ ber að skila inn nöfnum 4 vikum fyrir þing. Fá aðildarfélög hafa svigrúm til þess og var óskað eftir því að almennt skili félögin inn þingfulltrúalistum eins fljótt og mögulegt er eftir aðalfundi sína en eigi síðar en 30. apríl.

Kristján fór yfir þau fundarsköp sem unnið var eftir á síðasta þingi og var samþykkt að við notuðum þau áfram en við þyrftum að uppfæra þau að því leyti að heimila rafræn fundargögn, farið verður í það. Kynnt voru helstu atriði sem laganefnd þarf að fara yfir fyrir komandi þing. Ýmsar vangaveltur eru uppi varðandi stöðu öryrkja, ellilífeyrisþega, skiptingu félagsgjalds og handbók fjármála. Kallað var eftir slagorðum og mun verða valið úr þeim.

Kjörstjórn RSÍ vegna kjarasamninga. Ísleifur Tómasson, Sigurður Geirsson og Birna Birgisdóttir voru í nefndinni. Ísleifur Tómasson verður áfram, auk hans verður Ísleifur Árni Jakobsson í kjörstjórninni í stað Birnu. Bára Halldórsdóttir tekur sæti þegar Sigurður Geirsson óskar eftir að draga sig í hlé frá þessu verkefni. [Skipun í kjörstjórn var samþykkt með þessum hætti.](#)

6. Önnur mál

Svanborg sagði frá Sumarskóla UNI Youth og mælti með því að senda tvo aðila þar sem þetta væri mjög lærdómsríkt. Samþykkt að senda tvo fulltrúa, yngri en 35.

Björgunarsveitinn Ingunn á Laugarvatni sóttu um styrk vegna björgunarbatakaupa og vötnunum þar í kring. Samþykkt að styrkja þá um 250-300 þús.

Svanborg sagði frá boði sem var að koma á NBTF námskeið í Danmörku í haust. Samþykkt að senda tvo fulltrúa.

Umræða fór fram um komandi aðalfund FÍR og mótframboðslista sem lagður hefur verið fram.

Ekki fleira fært til bókar.

Fundi slitið 15:11.

Fundargerð ritaði Bára Halldórsdóttir.